

Fullgild rafraen undirskrift

**SVEINBJÖRG SVEINSDÓTTIR**

Kennitala: 160866-4979  
2023-03-08 15:56:24 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

**VIKTOR JENS VIGFÚSSON**

Kennitala: 200767-8039  
2023-03-09 08:09:13 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

**ÓSKAR SVERRISSON**

Kennitala: 140559-3699  
2023-03-08 16:17:49 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

**ÁRNI KONRÁÐ BJARNASON**

Kennitala: 130459-6179  
2023-03-09 10:29:42 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

**PÁLÍNA MAGNÚSDÓTTIR**

Kennitala: 151163-7269  
2023-03-08 16:23:26 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

**INGIBJÖRG STEINUNN SVERRISDÓTTIR**

Kennitala: 130255-2059  
2023-03-09 11:02:33 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

**GUDMUNDUR BJÖRGVIN HELGASON**

Kennitala: 031264-5379  
2023-03-08 16:55:25 GMT  
Ástæða: Undirskrift



**Landskerfi bókasafna**



# Landskerfi bókasafna hf.

## Ársreikningur 2022

Landskerfi bókasafna hf.  
Katrínartúni 4  
105 Reykjavík

kt. 440202-2920

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	1
Áritun ríkisendurskoðanda .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Eiginfjárfirlit .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðipjónustu.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2022 að fjárhæð 8,1 m. kr. Eigið fé félagsins nam 203,5 m. kr. í árslok 2022 og heildareignir voru 229,7 m. kr.

Hlutfé félagsins nam 147,6 m. kr. þann 31. desember 2022, og átti félagið engin eigin bréf. Hluthafar voru 53 í árslok en voru 54 í upphafi árs.

Hluthafar og eignarhlutur	31.12.2022	31.12.2021
Íslenska ríkið .....	50,8%	50,8%
Reykjavíkurborg .....	20,0%	20,0%
Aðrir hluthafar .....	29,2%	29,2%

Breytingar á hluthafahópi á árinu eru tilkomnar vegna sameiningar sveitarfélaga.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2023 vegna rekstrar ársins 2022. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

### Opnun nýs bókasafnakerfis

Á árinu 2022 var framhaldið vinnu við innleiðingu nýrra hugbúnaðarlausna Alma og Primo VE, sem eru skjálausnir frá fyrirtækinu Ex Libris. Vinnan náði hámarki síðustu mánuði fyrir opnun en nýi Gegnir sem byggir á Alma var gangsettur 13. júní og nýi leitur.is, sem grundvallast á Primo VE, degi síðar. Í kjölfarið tók við aðstoð við viðskiptavinum í formi kennslu og leiðsagnar auk úrlausnar þjónustuerinda, en mikil þörf var fyrir hvoru tveggja. Mikil þjónustuþörf var til staðar en hæst reis hún um miðjan júní og í ágúst að afloknum sumarfríum skóla.

### Önnur tíðindi

Þrjú nýir starfsmenn voru ráðnir til starfa á árinu, þar af sinna tveir þjónustu við bókasöfnin og sá þriðji þjónustar aðildarsöfn Sarps. Stöðugildum fjölgar alls um 1,7 á milli ára.

Félagið fékk á árinu greiddan 3 m.kr. styrk úr Bókasafnasjóði vegna fyrirhugaðar innleiðingar stafrænna bókasafnakorta í farsímann. Auk vinnu starfsmanna gerðu áætlanir ráð fyrir eigin framlagi upp á um 20% af styrkupp hæð til greiðslu á beinum, útlögðum kostnaði. Gert er ráð fyrir því að verkefnið klárast á árinu 2023 og tekjufærir félagið einungis þann hluta styrksins sem nýttur hefur verið til verkefnisins hverju sinni.

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2022 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2022.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. mars 2023.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

## Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

**Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda**

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 8. mars 2023.

Guðmundur Björgvin Helgason  
ríkisendurskoðandi

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Landskerfis bókasafna hf. 31. desember 2022, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022 í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda í árituninni. Við erum óháð Landskerfum bókasafna hf. og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflagð nægjanlega og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Landskerfis bókasafna hf. og setja inn skýringu ef þess er þörf.

## Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflagð er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 8. mars 2023.

Óskar Sverrisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur

	Skýringar	2022	2021
Seld þjónusta .....	12	195.281	188.381
Aðrar tekjur .....		490	0
<b>Rekstrartekjur</b>		<b>195.771</b>	<b>188.381</b>
Laun og launatengd gjöld .....	15	(111.421)	(96.426)
Húsnæðiskostnaður .....	16	(15.202)	(13.773)
Hýsing og rekstur kerfis .....	13	(9.033)	(9.295)
Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar .....	14	(43.967)	(41.855)
Annar rekstrarkostnaður .....	17	(23.626)	(26.946)
Afskriftir .....	6-7, 21-22	(6.858)	(147)
<b>Rekstrarkostnaður</b>		<b>(210.107)</b>	<b>(188.442)</b>
<b>Hrein rekstrargjöld</b>		<b>(14.336)</b>	<b>(61)</b>
Fjármunatekjur .....	18	4.426	1.265
Fjármagnsgjöld .....	19	(193)	(173)
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>		<b>4.233</b>	<b>1.092</b>
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		<b>(10.103)</b>	<b>1.031</b>
Tekjuskattur .....	20	2.017	(213)
<b>(Tap) hagnaður ársins</b>		<b>(8.086)</b>	<b>817</b>

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2022	31.12.2021
Rekstrarfjármunir .....	6, 21	27	38
Óefnislegar eignir .....	7, 22	58.529	37.948
Skatteign .....	8	1.642	0
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>60.199</b>	<b>37.986</b>
Viðskiptakröfur .....	9, 23	5.326	1.352
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	24	18.948	19.400
Aðrar skammtímakröfur .....	25	1.019	342
Handbært fé .....	10, 26	144.205	184.808
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>169.498</b>	<b>205.902</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>229.697</b>	<b>243.888</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Hlutfé .....	27	147.609	147.609
Yfirverðsreikningur .....		4.108	4.108
Lögbundinn varasjóður .....		5.989	5.989
Óráðstafað eigið fé .....		45.811	53.898
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>203.517</b>	<b>211.603</b>
Tekjuskattskuldbinding .....	8	0	582
<b>Skuldbindingar samtals</b>		<b>0</b>	<b>582</b>
Viðskiptaskuldir .....		3.327	12.513
Orlofsskuldbinding .....		10.027	8.606
Reiknaðir skattar ársins .....	8, 20	0	224
Aðrar skammtímaskuldir .....	28	12.826	10.361
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>26.180</b>	<b>31.703</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>229.697</b>	<b>243.888</b>

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Eiginfjárfirlit

1. janúar 2022 til 31. desember 2022	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögb. varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2022 .....		147.609	4.108	5.989	53.898	211.603
Tap ársins .....					(8.086)	(8.086)
<b>Eigið fé 31. desember 2022</b>		<b>147.609</b>	<b>4.108</b>	<b>5.989</b>	<b>45.811</b>	<b>203.517</b>

1. janúar 2021 til 31. desember 2021	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögb. varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2021 .....		147.609	4.108	5.907	53.162	210.786
Hagnaður ársins .....					817	817
Framlag í lögbundinn varasjóð .....				82	(82)	0
<b>Eigið fé 31. desember 2021</b>		<b>147.609</b>	<b>4.108</b>	<b>5.989</b>	<b>53.898</b>	<b>211.603</b>

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



## Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2022	2021
(Tap) hagnaður ársins .....		(8.086)	817
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur .....		(1)	(0)
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	21	11	147
Afskriftir óefnislegra eigna .....	22	6.847	0
Reiknaður tekjuskattur .....		(2.017)	213
		(3.246)	1.178
Rekstartengdar eignir, breyting .....		(5.841)	2.494
Rekstartengdar skuldir, breyting .....		(4.088)	10.713
<b>Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri</b>		<b>(13.175)</b>	<b>14.386</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	22	(27.428)	(21.089)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<b>(27.428)</b>	<b>(21.089)</b>
Handbært fé í upphafi árs .....		184.808	191.511
Breyting handbærs fjár .....		(40.603)	(6.704)
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>144.205</b>	<b>184.808</b>

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Félagið

Landskerfi bókasafna hf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er að Katrínartúni 4, Reykjavík.

## Reikningsskilaaðferðir

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

### 3. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

### 4. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 5. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru skilgreindir sem hluthafar með bein eða óbein yfirráð yfir félaginu, önnur félög innan sömu samstæðu, önnur félög sem eru skilgreind sem tengdir aðilar hluthafa með bein eða óbein yfirráð og lykilstjórnendur félagsins og móðurfélags.

### 6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Árlegar afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði þar til niðurlagsverði er náð, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall rekstrarfjármuna er sem hér segir:

Húsgögn ..... 20,0%

### 7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall óefnislegra eigna er sem hér segir:

Hugbúnaður ..... 12,5%

### 8. Tekjuskattur og skatteign

Skatteign eða skattskuldbinding er reiknuð og færð í reikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annarsvegar og reikningi félagsins hinsvegar. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts miðar við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í reikningsskilum félagsins.

Tekjuskattur innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll.

## Skýringar

### 9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 11. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

## Skýringar

### Rekstrarreikningur

#### 12. Seld þjónusta

Seld þjónusta sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Þjónustugjöld frá ríkisstofnunum .....	66.853	63.436
Þjónustugjöld frá sveitarfélögum .....	82.743	78.331
Þjónustugjöld aðrir .....	14.175	13.419
Annað .....	31.509	33.195
<b>Samtals</b>	<b>195.281</b>	<b>188.381</b>

Þjónustugjöld eru innheimt samkvæmt gjaldskrá og skiptast aðallega í þrennt, þ.e. í fyrsta lagi frá bókasöfnun ríkisstofnana, í öðru lagi frá bókasöfnum sveitarfélaga og loks frá öðrum bókasöfnum. Tekjur vegna þjónustusamnings við Sarp eru megin hluti annarra tekna.

#### 13. Hýsing og rekstur kerfis

Hýsing og rekstur kerfis sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Hýsing .....	8.618	8.620
Viðhald og rekstur .....	415	675
<b>Samtals</b>	<b>9.033</b>	<b>9.295</b>

#### 14. Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar

Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Þjónustusamningar við Ex Libris .....	41.078	39.424
Aðrir þjónustusamningar .....	2.888	2.432
<b>Samtals</b>	<b>43.967</b>	<b>41.855</b>

Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar eru við Ex Libris Ltd., seljanda Alma bókasafnakerfisins og Primo VE leitarvefsins og eldri kerfa, auk annarra sérsamninga. Kostnaður við þjónustusamninga hækkar um 5,0% milli ára.

#### 15. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Laun .....	85.828	74.147
Stjórnarlaun .....	2.024	1.953
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	12.729	10.992
Vísindasjóður .....	1.602	1.327
Tryggingagjald .....	6.492	5.399
Önnur launatengd gjöld .....	1.325	1.081
Breyting á áunnu orlofi .....	1.421	1.528
<b>Samtals</b>	<b>111.421</b>	<b>96.426</b>
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu .....	8,7	7,8
Stöðugildi í árslok .....	9,7	8,0
Launagreiðslur til framkvæmdastjóra, án launatengdra gjalda .....	17.152	16.001

#### 16. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Leiga .....	12.497	10.878
Annar kostnaður .....	2.705	2.895
<b>Samtals</b>	<b>15.202</b>	<b>13.773</b>

Félagið leigir húsnæði að Katrínartúni 4 af Íþöku fasteignir ehf.

## Skýringar

### 17. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Almennur skrifstofukostnaður .....	2.220	3.305
Starfsmannatengdur kostnaður .....	1.999	1.119
Styrkir, auglýsingar .....	8	261
Ferða- og fundakostnaður .....	2.309	1.318
Tölvukostnaður .....	1.720	1.525
Reikningsleg aðstoð .....	6.477	6.008
Endurskoðun ársreiknings .....	632	1.017
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	7.972	11.535
Lögfræðileg aðstoð .....	164	697
Ýmis kostnaður .....	124	161
<b>Samtals</b>	<b>23.626</b>	<b>26.946</b>

### 18. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Vaxtatekjur .....	4.426	1.265
Gengismunur .....	1	0
<b>Samtals</b>	<b>4.426</b>	<b>1.265</b>

### 19. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Vaxtagjöld .....	193	173
<b>Samtals</b>	<b>193</b>	<b>173</b>

### 20. Tekjuskattur

Tekjuskattur að fjárhæð 2,0 m. kr. hefur verið reiknaður og færður til tekna í rekstrarreikning. Vegna yfirfærans skattalegs taps mun félagið ekki greiða tekjuskatt á árinu 2023 vegna ársins 2022.

## Skýringar

### Efnahagsreikningur

#### 21. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir sundurliðast sem hér segir:

Húsgögn	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Bókfært virði í upphafi tímabils .....	38	186
Afskriftir .....	(11)	(147)
<b>Bókfært virði í lok tímabils</b>	<b>27</b>	<b>38</b>
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Stofnverð .....	1.252	1.252
Afskrifað .....	(1.225)	(1.214)
<b>Bókfært virði í lok tímabils</b>	<b>27</b>	<b>38</b>

#### 22. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sundurliðast sem hér segir:

	Eldri		
	hugbúnaður	Hugbúnaður	Samtals
Bókfært virði 1. janúar 2022 .....	2.994	34.954	37.948
Keypt .....	0	27.428	27.428
Afskriftir .....	(2.994)	(3.853)	(6.847)
<b>Bókfært virði 31. desember 2022</b>	<b>0</b>	<b>58.529</b>	<b>58.529</b>
	Eldri		
	hugbúnaður	Hugbúnaður	Samtals
Stofnverð .....	29.943	62.382	92.325
Afskrifað .....	(29.943)	(3.853)	(33.795)
<b>Bókfært virði 31. desember 2022</b>	<b>0</b>	<b>58.529</b>	<b>58.529</b>

Fjárfestingar tímabilsins eru stofnkostnaður, seinni greiðsla, vegna Alma og Primo VE hugbúnaðarins frá Ex Libris. Samhliða upptöku á nýju kerfi var eldri hugbúnaður tekinn úr notkun og afskrifaður að fullu.

#### 23. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

Viðskiptakröfur .....	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>Samtals</b>	<b>5.326</b>	<b>1.352</b>
	5.326	1.352

Stjórnendur félagsins meta árlega þörf á varúðarniðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Ekki er talin þörf á varúðarniðurfærslu í lok árs 2022.

#### 24. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður er að stærstum hluta fyrirframgreiðslur vegna þjónustusamninga við ExLibris, en greitt er fyrir 6-12 mánuði í sen.

#### 25. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

Afdreginn fjármagnstekjuskattur .....	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Annað .....	974	278
<b>Samtals</b>	<b>46</b>	<b>64</b>
	1.019	342

## Skýringar

### 26. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	144.198	184.802
Bankainnstæður í erlendum myntum .....	6	6
<b>Samtals</b>	<b>144.205</b>	<b>184.808</b>

### 27. Hlutfé

Hlutfé

Hlutfé félagsins nam 147,6 m. kr. í lok ársins samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Félagið á engin eigin bréf og hefur hvorki gefið út kauprétti né áskrifarréttindi né tekið lán sem breytanleg eru í hlutfé.

	31.12.2022	31.12.2021
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum .....	147.609	147.609
<b>Útistandandi hlutfé</b>	<b>147.609</b>	<b>147.609</b>

### 28. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	3.620	2.771
Virðisaukaskattur .....	6.697	7.590
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	2.510	0
<b>Samtals</b>	<b>12.826</b>	<b>10.361</b>

Fyrirframinnheimtar tekjur eru ónýttur hluti styrks úr Bókasafnasjóði til innleiðingar stafrænna bókasafnskorta í farsíma.

### 29. Skatteign

Breyting skatteignar sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Staðan í upphafi árs .....	(582)	(596)
Reiknaður tekjuskattur .....	2.017	(213)
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	224
Aðrar breytingar .....	208	4
<b>Skatteign í lok árs, nettó</b>	<b>1.642</b>	<b>(582)</b>

Skatteignin skiptist á einstaka liði ársreikningins sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	2	24
Óefnislegar eignir .....	(1.725)	(399)
Viðskiptakröfur .....	0	(208)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	3.365	0
<b>Skatteign í lok árs, nettó</b>	<b>1.642</b>	<b>(582)</b>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Til ársins 2032 .....	16.825	0
<b>Yfirfæranlegt skattalegt tap</b>	<b>16.825</b>	<b>0</b>
Skatteign m.v. 20% tekjuskattshlutfall .....	3.365	0